

Starfsemisupplýsingar LSH

Janúar - febrúar 2008

Í brennidepli:

Barna- og unglingageðdeild



Fagmennska – Jafnræði – Virðing – Öryggi – Þekking
eru gildi Landspítala

Þjónusta við sjúklinga, menntun og þjálfun heilbrigðisstétta og rannsóknir á sviði heilbrigðisvísinda eru meginhlutverk háskólasjúkrahússins.

Klínísk starfsemi spítalans
skiptist í svið sem veita fjölbreytta þjónustu á göngudeildum, dagdeildum,
legudeildum, rannsóknardeildum og öðrum starfseiningum.

Önnur starfsemi
sem einnig skiptist í svið og deildir á skrifstofum felst meðal annars í kennslu, vísindastarfi,
fjármálastjórnun, rekstri, starfsmannamálum og byggingar- og tæknimálum.

Framkvæmdastjórn

Magnús Pétursson forstjóri
Aðalsteinn Pálsson framkvæmdastjóri tækni og eigna
Anna Lilja Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga
Anna Stefánsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar
Björn Zoega framkvæmdastjóri lækninga
Kristján Erlendsson framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar

Landspítali er með efnismikinn upplýsingavef á Netinu (www.landspitali.is)

Landspítali sími: 5431000

Upplýsingafulltrúi LSH sími: 5431122

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI, SKRIFSTOFA FJÁRREIÐNA OG UPPLÝSINGA

Ritstjóri: Elísabet Guðmundsdóttir, netfang: elisabeg@landspitali.is

Ábyrgðarmaður: María Heimisdóttir, netfang: mariahei@landspitali.is

Efnisyfirlit

Sjónarhorn	1
Lykiltölur - <i>Starfsemi</i>	6
Í brennidepli – <i>Barna- og unglिंगageðdeild</i>	7
Starfsemistöður	9
Lyfjakostnaður	21
Helstu kennitölur sviða.....	22
Fimm ára tölfræðilegt yfirlit/Five years key statistics	24
Framlag ríkis til LSH 1999-2008	25

SJÓNARHORN

Hvað segja OECD og Hagstofa Íslands raunverulega um heilbrigðismálin og spítalareksturinn?

Á opinberum vettvangi er því iðulega haldið fram um þessar mundir að útgjöld til heilbrigðismála séu verulegt áhyggjuefni, ef ekki vandamál og það vaxandi. Útgjöld landsmanna, - einkum ríkisins - til heilbrigðismála séu of há og á því þurfi að taka. Hvað er til í þessu má spyrja? Á málinu eru að minnsta kosti tvær hliðar, annars vegar heilbrigði landsmanna og gildi þess og hins vegar hverju er til kostað. Viðfangsefni stjórnvalda er að virða bæði sjónarmið.

Nýleg skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD hefur vakið töluverða umræðu jafnt um efnahagsmál sem stöðu heilbrigðismála hér á landi¹. OECD gefur Íslandi ágætiseinkunn fyrir stöðu heilbrigðismála og er þá vísað til viðtekinnna mælistika sem notaðar eru í samanburði milli landa. Í skýrslunni segir:

“Háar lífslíkur (á Íslandi) má rekja til þess að þar er tíðni dauðsfalla vegna krabbameina lægst innan OECD ríkja og tíðni dauðsfalla vegna heilablóðfalla og hjartasjúkdóma undir meðaltali OECD. Burðarmáls- og ungbarnadauði er einnig lægstur og barnsfarardauði nær óþekktur. Áttatíu af hundræði fullorðinna Íslendinga telja heilsu sína góða og er það tíu prósentustigum hærra hlutfall en almennt innan OECD. Íslendingar geta reiknað með góðri heilsu í um 90% ævinnar (WHO, 2006). Á skala yfir lífslíkur (Health-adjusted life expectancy, HALE),....., er Ísland fjórða í röð OECD ríkjanna”.

Margar orsakir liggja eflaust að baki þessum góða árangri; einsleitt samfélag, félagslegir þættir, lífsstíll, efnahagsleg geta til að veita góða heilbrigðisþjónustu eða mögulega að við séum svona vel af Guði gerð. Sumar heimildir telja að þriðjung góðs árangurs megi

þakka heilbrigðisþjónustunni, þriðjung almennri vitund um lífshætti og þriðjung ýmsum öðrum atriðum sem hér verða ekki rakin. Hvert sem hlutfallið kann að vera skiptir heilbrigðisþjónustan óumdeilt miklu máli.

Á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu veltum við oft fyrir okkur hvort heilbrigðisþjónustan sé misjöfn að gæðum í löndunum og viðhorf til lækninga og umönnunar frábrugðin. Vaxandi umfjöllun á opinberum vettvangi og gagnrýnni afstaða til fjárútláta til heilbrigðismála hafa leitt fram áleitnar spurningar sem við hér á landi höfum vikið okkur undan að ræða opinberlega. Áleitnast er hversu langt eigi að ganga í lækningu og hjúkrun sjúkra og aldraðra. Spurningin er siðfræðileg öðrum þræði þar sem hver heldur á sínu. Enginn hefur rétt fyrir sér eða rangt en vissulega hafa tiltekna stéttir betra vald á þessari umræðu en aðrar s.s. prestar, lækna og hjúkrunarfræðingar. Um það er þó ekki blöðum að fletta að í upplýstu samfélagi þar sem mikið er lagt upp úr rétti einstaklingsins til orðs og æðis hlýtur viðhorf sérhvers manns að skipta máli. Þessa rökræðu þarf að taka.

Annað sjónarhorn þessa máls er hvort fjárhagur eigi að stýra því hvenær lækni meðferð við sjúka og aldraða lýkur. Verðgildi lífs er mjög misjafnt og afstætt meðal fólks. Menning, fjárhagsstaða, menntun, trúarskoðanir, lífsgildi og fleiri atriði hafa öll áhrif á hvernig við metum líf og heilsu til fjár. Við erum, hvað sem öðru líður, óvön því að ræða lækningar og lok lífs út frá fjárhagslegum forsendum. Við höfum ekki þurft þess hingað til.

Í umræðu um hverju má kosta til varðandi heilbrigði fólks er athygli vert að skoða hvernig útgjöld til málaflokka annarra en heilbrigðisþjónustu hafa þróast. Útgjöld til menntamála hafa til dæmis vaxið talsvert umfram útgjöld til heilbrigðismála eins og mynd 1 sýnir². Getur verið að við sjáum menntun unga fólksins sem arðvænlega fjárfestingu en höfum síður trú á arðsemi heilbrigðisþjónustunnar? Þetta er verðugt athugunarefni en skoðanakannanir meðal almennings benda til að fólk vilji ekki rýra fjárveitingar til heilbrigðismála, fremur auka þær.

¹ OECD Economic Surveys, Iceland. Volume 2008/3, February 2008.

² Þjóðhagsreikningur, Fjármál hins opinbera, bráðabirgðauppgjör. Hagtíðindi 2008:4.


Á ársfundi Landspítala í apríl 2007 talaði Sir Michael Rawlings, forstjóri breskrar stofnunar, National Institute of Clinical Excellence (NICE). Sú stofnun leiðir umfjöllun um hvenær taka skuli upp nýja tækni í lækningum, ný lyf o.s.frv. til hagsbóta fyrir sjúka og einnig hverju megi til kosta í meðferð sjúklinga. Hann sagði að þar í landi mætti tilkostnaður við hvert gott lífað ár ekki fara yfir 30-40.000 evrur (3,6-4,8 m.ísl.kr.). Í öðrum löndum viðgengst einnig forgangsröðun í lækningum og umönnun þó svo hún kunni að vera sett fram með öðrum hætti. Spurningin er hver á að setja slík mörk og hver eiga þau að vera.

Nærtækt dæmi um þetta er að endurtekinn samanburður hefur leitt í ljós að meðal Evrópuþjóða er tíðni kransæðaþræðinga hvað hæst á Íslandi, auk Sviss og Þýskalands. Samkvæmt sænskum gagnagrunni (Swedish Coronary Angiography and Angioplasty Registry) sem Landspítali á aðild að voru á árinu 2007 gerðar 402 kransæðaþræðingar á hverja 100 þúsund íbúa í Svíþjóð en 544 hér á landi. Munurinn nemur 142 aðgerðum á hverja 100 þúsund íbúa. Hér er ekki vettvangur til að fjalla um forsendur þessa munar

milli landa eða tengsl hans við árangur í okkar heilbrigðisþjónustu en fjárhagslegu áhrifin eru augljós. Kransæðaþræðing kostar á bilinu 154 – 263 þús. kr. á Landspítala eftir aðstæðum. Ef tíðni þessara aðgerða árið 2007 hefði verið hin sama og í Svíþjóð hefðu kransæðaþræðingarnar verið 426 færri og útgjöld vegna þeirra um 66-112 m.kr. lægri. Það munar um minna en þó var biðlisti eftir hjartaþræðingum og hann lengdist fremur en hitt.

Dæmi af allt öðrum toga á hér einnig við. Á Landspítala eru yfir eitt þúsund nemendur í fjölmörgum greinum heilbrigðisfræða. Sumir fá greidd laun meðan á námi standur. Launagreiðslur t.d. til læknakandidata í starfsnámi námu á sl. ári um 190 m.kr. Vinnuframlag þessa hóps er spítalanum mjög verðmætt, um það þarf ekki að ræða og launin eiga þeir skilin. Hefðu þessir nemendur hins vegar verið við nám í Þýskalandi hefðu þeir starfað launalaust eða fengið óveruleg laun á okkar vísu meðan á náminu standur. Þetta sýnir í hnotskurn að rekstrarreikningarnir á háskólasjúkrahúsínu eru langt í frá einfaldir.

Mynd 1. Hlutfallsbreyting (frá árinu 2000) á útgjöldum hins opinbera, staðvirtum á mann á verðlagi samneyslu 2007



*Bráðabirgðatölur

Í áðurnefndri skýrslu dregur OECD upp þá mynd að útgjöld til heilbrigðismála hafi farið vaxandi hér á landi og að það syrti í álinn einkum til lengri framtíðar litið. Hvað sem um það má segja er lágmark að sæmileg samstaða sé um talnalegar staðreyndir málsins en á það hefur oft skort.

Hagstofan íslenska hefur nýlega lagt fram athyglisverða skýrslu um útgjöld til heilbrigðismála hér á landi ²⁾. Þar segir:

“Heildarútgjöld til heilbrigðismála voru 117,3 milljarðar króna 2007, eða 9,2% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 96,8 milljarðar króna en hlutur heimila 20,5 milljarðar, eða 17,5% af útgjöldunum.”

Hlutur hins opinbera (ríkisins) nemur 7,6% af landsframleiðslunni en frá árinu 2003 hefur það hlutfall farið lækkandi (tafla 1). Langstærsti hluti heilbrigðisútgjaldanna eru laun og kaup á vöru og þjónustu, um 96,5%, afgangurinn er fjárfesting og tilfærslur. Enn fremur segir í skýrslunni að útgjöld hins opinbera (ríkisins) til almennrar sjúkráhusþjónustu (hér undir flokkast Landspítali, og önnur sérgreinaskipt sjúkráhus svo

sem Sjúkrahúsið á Akureyri og St. Jósefssjúkrahúsið í Hafnarfirði) hafi verið 3,73% af vergri landsframleiðslu árið 2007 og ekki verið lægri allt frá 1999 er þau voru þá 3,99%. Af þessum tölum verður aðeins ályktað að í sjúkráhusrekstrinum í landinu hefur tekist að spara að tiltölu. Landspítalinn sem telur um 70% af sjúkráhusþjónustunni á stóran þátt í því.

Það er önnur aðferð að líta á heilbrigðisútgjöldin (tafla 1). Heilbrigðisútgjöld hins opinbera á mann (staðvirt á verðlagi samneyslu 2007) voru um 311 þús. kr. árið 2007 en voru 289 þús. kr. árið 2000. Aukningin nemur um 7,6%. Hvað almenna sjúkráhusþjónustu varðar nemur kostnaðurinn um 153 þús.kr. árið 2007. Þar er aukningin um 2,5% frá árinu 2000. Ef litið er til Landspítalans sérstaklega sést að hlutfallsleg þróun kostnaðar þar er sú sama og á öðrum sjúkráhusum landsmanna. Stjórnendur LSH hafa jafnan haldið því fram að tekist hafi að hemja útgjöld sjúkráhússins og staðfesta þessar tölur það. Sú aukning á heilbrigðisútgjöldum ríkisins sem orðið hefur frá árinu 2000 hlýtur því að skýrast af kostnaðarauka annars staðar í heilbrigðiskerfinu.

Tafla 1. Þróun heilbrigðisútgjalda hins opinbera árin 2000-2007

Útgjöld hins opinbera	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007*
Opinber heilbrigðisútgjöld alls	52.645	58.380	67.879	71.344	74.637	78.807	87.431	96.806
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	7,7	7,56	8,31	8,48	8,04	7,68	7,49	7,57
Staðvirt á mann, þús.krónur á verðlagi samneyslu 2007	288,8	291,1	310,1	311,6	309,8	308,7	306,5	310,9
Almenn sjúkráhusþjónusta, milljónir króna	27.293	30.511	34.569	36.386	36.775	38.817	42.904	47.757
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	3,99	3,95	4,23	4,32	3,96	3,78	3,67	3,73
Staðvirt á mann, þús. krónur á verðlagi samneyslu 2007	149,7	152,1	157,9	158,9	152,6	152,1	150,4	153,4

* Bráðabirgðatölur

Heimild: Þjóðhagsreikningur, Fjármál hins opinbera, bráðabirgðauppgjör. Hagtíðindi 2008:4

Á því tímabili sem hér er til skoðunar hefur þjónusta Landspítala vaxið langt umfram það sem rakið verður eingöngu til íbúafjölgunar hvort heldur er í landinu eða á höfuðborgarsvæðinu og er hún þó ærin. Heimsóknum sjúklinga á spítalann hefur fjölgað mikið, nýjungar verið teknar upp í fjölmörgum greinum læknisfræðinnar, dýr lyf hafa verið innleidd, þjónustunni verið breytt úr formi legu á sjúkrahúsinu í dag- og göngudeildarform og fleira og fleira (tafla 2).

Tafla 2. Tölfræðilegt yfirlit LSH frá árinu 2000-2007 ¹⁾

	Breyting milli 2000-2007	Hlutfallsleg breyting
Þróun mannfjölda á höfuðborgarsvæðinu ²⁾		
Íbúafjöldi	20.885	11,9%
Fjöldi einstaklinga 70 ára og eldri	1.947	13,5%
Fjöldi einstaklinga 80 ára og eldri	1.659	35,4%
Lykiltölur LSH		
Slysa- og bráðþjónusta - fjöldi koma	20.679	28,6%
Fjöldi koma á göngudeildir	129.311	64,9%
Fjöldi koma á dagdeildir	7.185	8,3%
Sjúkrahústengdar heimavitjanir	10.883	212,4%
Fjöldi legudaga	-76.173	-23,7%
Fjöldi innlagna	-7.974	-22,4%
Meðallegutími (dagar)	-0,10	-1,1%
Fjöldi rúma á legudeildum, frá 2001-2006	-400	-31,7%
Skurðaðgerðir	316	2,3%
Fæðingar	148	5,0%
Myndgreiningar, fjöldi frá 2002	11.347	10,2%
Hjartaþræðingar - fjöldi frá 2002	927	107,2%
Stöðugildi/ársverk	-243	-5,9%
Meðaltal yfirvinnustarfa ³⁾ , frá 2001-2006	-59	-10,7%

1) Í sumum tilfellum eru tölur ekki sambærilegar milli ára vegna mikilla breytinga á starfsemi LSH á tímabilinu t.d. verkefni færð frá LSH til félagsþjónustu, fjölgun göngudeilda ofl.

2) Gögn frá Hagstofu Íslands.

3) Öll breytileg yfirvinna uppreiknuð í stöðugildi þ.m.t. kaffitímar og yfirvinnugreiðslur á hátíðisdögum til vaktavinnumanna. Stöðugildi reiknað sem 173,3 klst.

Staðreyndirnar tala sínu máli. Aukinni starfsemi hefur einfaldlega verið mætt með hagræðingu og aukinni framleiðni eins og það er gjarnan kallað í einkarekstri. Þessi hagræðing hefur ekki alltaf verið sársaukalaus fyrir starfsmenn en fram hjá henni verður ekki horft.

Af því sem hér hefur verið rakið er auðséð að megin sjónarmiðin tvö um þjónustu og fjármál eru farin að stangast illilega á. Eftirspurnin vex án þess að hún sé með viðurkenndum hætti takmörkuð og krafa er að sínu leyti gerð til þess að fjárútlát hins opinbera til heilbrigðismála séu stillt í hof.

Vöxturinn í heilbrigðisútgjöldum virðist eins og fram er komið, annars staðar en í rekstri sjúkrahúsanna. Erfitt er að sjá að aðrar opinberar stofnanir og einkaaðilar hafi beinlínis létt af Landspítalanum verkefnum, þar hefur einnig orðið aukning. Tími er til kominn að gaumgæfa hvort ekki eigi að gera ríkari kröfu á hagræðingu í heilsugæslunni og einkareknu þjónustunni en nú er gert. Sjúkrahúsin í nágrenni Reykjavíkur voru t.d. styrkt með sérstökum fjárveitingum árið 2008 án mats á því hvort hagkvæmt sé að setja upp dýrar sólarhringsvaktir eða hverju á að létta af Landspítalanum. Öll eru sjúkrahúsin í innan við klukkustundar akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Nokkrir hópar sérfræðilækna, svo sem hjartalækna, starfa nú sjálfstætt án nokkurra samninga við sjúkratryggingar. Hér ætti einnig að gera kröfu um samkeppni, kostnaðaraðhald og gæði sem nú skortir á. Greinilega er farið að hrikta í samfellunni í heilbrigðisþjónustunni þegar hópar lækna eru farnir að starfa án nokkurra tengsla við þann sem borgar brúsann.

Að lokum þykir rétt að geta þess að reikningsuppgjör Landspítalans fyrir árið 2007 mun væntanlega sýna mismun tekna og gjalda um 1,4 milljarða króna og er nálægt því sem spáð var í upphafi ársins ef ekki yrði dregið úr starfsemi. Stjórnendur spítalans voruðu við í hvað stefndi og lögðu til aðhaldsaðgerðir. Það er kunnara en frá þurfi að segja að heilbrigðisvörðöld studdu þær ekki og því er vægast sagt hæpið að skella skuldinni á stjórnendur spítalans. Stjórnvöld hafa nú ákveðið að á árinu 2008 skuli Landspítali hagræða sem nemur 600-800 m.kr. frá því sem reksturinn tók til sín 2007. Sumum kann að þykja 2-2,5% af heildarveltu spítalans auðvelt viðfangsefni. Því fer víðs fjarri í ljósi þess sem rakið hefur verið hér að framan. Umhugsunarefni er hvort ástæða sé til að ala á sundrung meðal starfsfólks sem sannanlega hefur lagt sig fram um að hagræða og reka Landspítalann undanfarin ár. Álag á starfsfólk er öllum ljóst sem vilja vita og óráðsía í rekstri er víðsfjarri réttu máli.

Magnús Pétursson forstjóri

Starfsemi LSH

	2008	2007	Breyting milli ára	Hlutfallsleg breyting
Fjöldi einstaklinga ¹⁾ sem leituðu til LSH	33.638	32.394	1.244	3,8%
Fjöldi koma á göngudeildir ²⁾	59.860	56.374	3.486	6,2%
Fjöldi koma á dagdeildir ²⁾	14.284	15.045	-761	-5,1%
Fjöldi koma á slysa- og bráðadeildir	14.523	14.620	-97	-0,7%
Fjöldi sjúkrahústengdra heimavitjana	2.539	2.167	372	17,2%
Fjöldi lega	5.285	5.486	-201	-3,7%
Fjöldi legudaga sjúklinga á legudeildum	40.115	41.783	-1.668	-4,0%
Meðallengd sjúkrahúslegu	7,6	7,6	0,0	0,0%
Þar af á kvenna-, barna-, skurð- og lyflækningasviðum	5,0	5,1	-0,1	-2,3%
Meðalhjúkrunarþyngd (bráðleiki) sjúklinga	1,22	1,19	0,03	2,9%
Fjöldi fæðinga	542	477	65	13,6%
Skurðaðgerðir	2.654	2.621	33	1,3%
Myndgreiningarrannsóknir	21.669	21.065	604	2,9%
Lyfjakostnaður vegna S-merktra lyfja (fjárhæðir í þús.kr.) ³⁾	400.656	364.940	35.716	9,8%

¹⁾ Þetta eru einstaklingar sem margir hverjir komu oft á spítalann, en hver einstaklingur er hér einungis talinn einu sinni.

²⁾ Eingöngu taldar komur sjúklinga sem ekki liggja á LSH.

³⁾ S-merkt lyf eru lyf eingöngu til sjúkrahúsnota, kostnaður birtur hér á innkaupsverði.

Í BRENNIDEPLI - Barna- og Unglingageðdeild

Rannsóknir sýna að um 5 % barna þurfa einhvern tíma á sérfræðiaðstoð að halda vegna geðræns vanda. Í geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglunga er lögð megináhersla á forvarnir þar sem tekist er á við vanda barns eins fljótt og auðið er. Í sumum tilfellum þarf viðvarandi eftirfylgd í einhverri mynd til að hindra að vandinn aukist eða verði varanlegur. Unnið er þverfaglega og beinist vinnan að barninu sjálfu og umhverfi þess svo sem foreldrum, heimili, og skóla. Hlutverk barna- og unglíngageðdeildar á LSH (BUGL) er þrjúþætt; (1) að veita klíníská bráða- og sérfræðiþjónustu, (2) að vera leiðandi í kennslu og ráðgjöf til annarra þjónustuaðila varðandi geðheilbrigðismál barna- og unglunga (3) að stunda rannsóknir, en allt frá stofnun BUGL hefur þar verið unnið ötult rannsóknarstarf.

Klínísk þjónusta

Í takt við breyttar áherslur hefur göngudeildar- og vettvangsþjónusta við börn og unglunga verið sívaxandi. Áhersla er lögð á að einstaklingnum sé gefinn kostur á að vera áfram í sínu daglega umhverfi en sækja þjónustu til göngudeildar BUGL. Fjallað er í örstuttu máli um nokkur þeirra fjölbreyttu úrræða sem þar eru í boði fyrir börn, unglunga og fjölskyldur þeirra.


Bráðþjónusta er veitt á göngudeild BUGL. Þar starfar þverfaglegt bráðateymi félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, sálfræðings og sérfræðilæknis og er það öllum aðgengilegt á hefðbundnum vinnutíma. Teymið tekur á móti símtölum og metur hvort mál krefjist tafarlausrar íhlutunar. Í þeim tilvikum er bókað bráðaviðtal samdægurs eða daginn eftir. Auk þess veitir Bráðamóttaka Geðsviðs á Hringbraut bráðþjónustu með aðkomu sérfræðings í Barna- og unglíngageðlækningum. Styrkur bráðateymisins liggur í þverfaglegri samvinnu sem auðveldar að koma málum fljótt í réttan farveg og hugsanlega koma í veg fyrir bráðainnlagnir. Þjónustan hefur skilað góðum árangri sem m.a. má sjá á fækkun bráðainnlagna á legudeildir um 20% á síðastliðnu ári.

Lífið kallar er stuðningsúrræði styrkt af FL Group. Úrræðið er rekið af bráðateymi sem fagaðilar á göngudeild manna utan hefðbundins vinnutíma. Verkefnið miðar að því að styrkja börn og unglunga á aldrinum 13-18 ára sem misst hafa lífslöngunina vegna áfalla eða vanlíðunar af ýmsum orsökum. Meðferðin byggir á þeirri hugmynd að þessi missir sé tímabundinn og viðkomandi geti með viðhorfsbreytingu öðlast lífslöngun á ný. Hún felur meðal annars í sér að barnið endursegir fortíðarsögu sína með breyttum áherslum og megininntakið er fjölskyldan, tengslin og lífsgleðin sem verndandi öryggisnet. Þau fá þannig aðstoð við að móta nýja mynd af lífi sem kallar í því skyni að hafa áhrif á framtíð þeirra. Í hverjum hópi eru um 10 börn og fjölskyldur þeirra og taka að jafnaði um 50 manns þátt í hverjum hóp fyrir sig. Árið 2007 störfuðu þrír meðferðarhópar en stefnt er að því að veita þremur til fjórum hópum meðferð á ári hverju.

Klókir krakkar er meðferðarform fyrir börn á aldrinum 8-12 ára með kvíðaraskanir og foreldra þeirra. Um er að ræða hugræna atferlismeðferð í hóp. Unnið er út frá vinnubókum barnanna annars vegar og foreldranna hins vegar. Meðferðin gengur út á fræðslu um eðli kvíða, uppeldisráðgjöf og algeng vandamál tengd kvíða. Að auki eru kenndar aðferðir til að takast smám saman á við kvíða barnanna með endurmati á hugsunum og kennt að takast á við óttann með því að mæta honum með stigvaxandi hætti, félagslegri færni, sjálfsöryggi og ákveðni. Einnig er kennt hvernig viðhalda á árangri.

Fjörkálfar er reiðistjórnunarnámskeið sem byggir á hugrænni atferlismeðferð fyrir 8-12 ára börn. Tilgangur þess er að kenna börnum að stjórna reiðiviðbrögðum sínum og draga þannig úr árekstrum við aðra. Foreldrar taka einnig þátt í meðferðinni en meðal annars er fjallað um upplifun foreldra og nýtsamar samskiptaleiðir. Meðferðin er byggð upp í kringum litla hópa þar sem áherslan er lögð á fræðslu auk þess sem börnin læra á eigin reiðiviðbrögð. Kennt er að meta árangur hegðunar og að setja sér markmið um sjálfsstjórn. Síðast en ekki síst er lögð áhersla á að kenna börnunum hvernig bregðast eigi við reiði annarra. Markmið námskeiðsins er að börnin læri að reiði er eðlileg tilfinning sem hægt er að stjórna og að foreldrar geti stutt börnin í að nýta þau úrræði sem kennd eru á námskeiðinu.

Vettvangsþjónusta hófst sem eins árs tilraunaverkefni um heimaþjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra eftir útskrift af legudeildum á BUGL haustið 2004. Þessi þjónusta hefur nú fest sig í sessi sem „vettvangsteymi BUGL” og nær nú bæði til skjólstaðinga göngudeildar og legudeilda. Eins og nafnið gefur til kynna fer teymið á vettvang til að styrkja fjölskylduna á heimavelli. Unnið er í samvinnu við barnið og fjölskylduna að því að aðlaga færni og nýta þau úrræði sem meðferðaraðilar hafa mælt með í daglegu lífi þeirra. Einnig er fjölskyldunni veitt aðstoð við að auka þátttöku og virkni barnanna í heimilislífi, skóla, tómstundastarfi og við að efla félagsleg tengsl. Með markvissri eftirfylgni tekst því oft að viðhalda virkni, koma í veg fyrir versnun og stytta innlagnartíma ef til endurinnlagnar kemur. Árið 2007 fór teymið í alls 357 vitjanir til 51 fjölskyldu (sjá mynd). Fyrstu þrjá mánuði ársins 2008 höfðu 32 fjölskyldur þegar notið þjónustunnar og má þannig reikna með að enn fleiri fjölskyldum verði sinnt nú en áður.



Fjölskyldubrúin er forvarnarverkefni fyrir börn sem eiga foreldra með geðræn vandamál. Lögð er megináhersla á þarfir barnanna þegar foreldri glímur við geðræna erfiðleika. Þetta er tilboð um stuðning sem viðbót við þá þjónustu sem fjölskyldan hefur. Áhersla er lögð á að skapa jafnræði og traust milli foreldra og stuðningsaðila. Lykilatriði er að styðja foreldrana sjálfa til að ræða við börnin um geðrænan vanda sinn, áhrif hans á

fjölskyldulífið og veita börnunum skýringar við hæfi út frá þörfum barnanna. Foreldrarnir einir geta losað um þá ábyrgð sem barnið telur sig bera á geðrænum vanda foreldra sinna. Tilgangurinn er að draga úr flutningi geðrænna erfiðleika milli kynslóða, stuðla að sem bestum þroska barnanna, auka trú þeirra á eigin hæfni, efla verndandi þætti í umhverfi barnanna, ásamt því að glæða von um bjartari tíma og styrkja foreldrana í hlutverki sínu. Þetta verkefni hefur nýlega hlotið gæðastyrk LSH.

Ráðgjafar-, kennslu- og rannsóknarhlutverk BUGL

Ráðinn hefur verið fræðslustjóri sem liður í eflingu þjónustu BUGL. Starf hans felst í skipulagningu fræðslu fyrir foreldra, aðra þjónustuaðila og umsjón með stærri ráðstefnum. Hafinn er undirbúningur við að efla markvissa samvinnu við aðra þjónustuaðila sem koma að geðheilbrigðisþjónustu barna og unglunga s.s. heilsugæslu og þjónustumiðstöðvar. Tilgangur þessa er að tryggja samfellu í þjónustu og færa sérþekkingu frá BUGL til þeirra aðila sem veitt geta þjónustu í nánasta umhverfi barna og fjölskyldna þeirra.

Brúum bilið er tilrauna- og rannsóknarverkefni til eins árs sem styrkt er af fjárfestingafélaginu Atorku. Það byggist á samstarfssamningi BUGL og heilsugæslunnar á Egilsstöðum með það að markmiði að heilsugæslustöðin verði þekkingarmiðstöð í geðheilbrigðisþjónustu við börn í sínum landsfjórðungi. Starfsfólkið fær kennslu í að nota sérhæfð mats- og greiningartæki og tiltekin meðferðarúrræði, m.a. námskeið um kvíðastjórnun og reiðistjórnun og námskeið fyrir foreldra barna með ofvirkni og athyglisbrest (ADHD). Einnig er gert ráð fyrir reglulegri ráðgjöf og handleiðslu frá BUGL til að tryggja gæði og árangur. Vonast er til að þetta tilraunaverkefni geti orðið fyrirmynd að frekari eflingu geðheilbrigðisþjónustu við börn í heilsugæslunni um land allt.

Um mitt ár 2008 verður opnuð ný viðbygging við húsnæði BUGL, ætluð göngudeildarþjónustu. Er það mikið fagnaðarefni sem án efa verður starfinu langþráð lyftistöng.

Elín H. Hinriksdóttir, fræðslustjóri BUGL,
Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir BUGL,
Unnur Heba Steingrímsdóttir, deildarstjóri göngudeildar BUGL.

Starfsemistölur

Göngudeildarkomur

(Gögn úr Legu / Sögu)

	Fjöldi koma ¹⁾		Breyting milli ára	Komur innliggjandi sjúklinga 2008
	2008	2007		
Almenn göngudeild	2.345	2.149	9,1%	86
Barnasvið samtals	2.345	2.149	9,1%	86
Móttaka kvenna ²⁾	1.348	1.270	6,1%	190
Fósturgreiningardeild	1.802	1.607	12,1%	54
Mæðravernd	779	737	5,7%	30
Brjóstgafarafaragjöf	133	103	29,1%	2
Önnur göngudeildarþjónusta	294	317	-7,3%	69
Kvennasvið samtals	4.356	4.034	8,0%	345
Almenn göngudeild Hringbraut	3.653	3.464	5,5%	-
Almenn göngudeild Kleppi	1.911	2.038	-6,2%	-
Fíkni- og fjölkvilladeild	1.521	1.070	42,1%	-
Göngudeild Hvítabandi	359	554	-35,2%	7
Göngudeild átröskunar 31-C	306	278	10,1%	-
Barna- og unglingsgeðdeild	1.350	1.417	-4,7%	82
Geðsvið samtals	9.100	8.821	3,2%	89
Almenn göngudeild	955	934	2,2%	44
Beinþéttimælingar	316	437	-27,7%	18
Göngudeild hjartabilunar og kransæðasjómá	115	108	6,5%	2
Hjartarannsóknarstofa	2.314	2.084	11,0%	2.114
Göngud. Fossvogi (A-3), þar af: ³⁾	2.869	2.170	32,2%	3
gigtarsjúkdómar	892	-	-	0
ofnæmissjúkdómar	833	-	-	76
lungnasjúkdómar	662	-	-	70
hjúkrun og lífeindafr.	482	-	-	0
Svefnrannsóknir	811	777	4,4%	50
Innkirtlasjúkdómar	132	120	10,0%	2
Göngudeild sykursjúkra	920	897	2,6%	19
Meltingarfærarannsóknir (speglanir)	579	595	-2,7%	310
Nýrnasjúkdómar	269	160	68,1%	1
Smitsjúkdómar	273	272	0,4%	1
Taugasjúkdómar	587	584	0,5%	76
Húðsjúkdómar	3.148	3.394	-7,2%	207
Kynsjúkdómar	1.458	1.404	3,8%	-
Lyflækningasvið I samtals	14.746	13.936	5,8%	2.993

¹⁾ Eingöngu komur sjúklinga sem ekki liggja á LSH.

²⁾ Þar með taldar bráðakomur á kvensjúkdómadeild utan dagvinnutíma, þegar móttaka kvenna er lokuð.

³⁾ Sundurliðun eftir sérgreinum á göngud. Fossvogi (A-3) og endurkomudeild G-3 tekin upp í byrjun árs 2008. Sambærilegar tölur því ekki til fyrir 2007.

⁴⁾ Tölur um fjölda koma ekki aðgengilegar við útgáfu.

⁵⁾ Komur vantaldar árið 2007 og fyrr, leiðrétt hér fyrir því.

(Gögn úr Legu / Sögu)

	Fjöldi koma ¹⁾		Breyting milli ára	Komur innliggjandi sjúklinga 2008
	2008	2007		
Blóð- og krabbameinslækningar	1.553	1.395	11,3%	39
Geislæðlisfræði, undirbúningur ⁴⁾	-	-	-	-
Geislameðferð	1.835	2.040	-10,0%	-
Lyflækningasvið II samtals	3.388	3.435	-1,4%	39
Almenn göngudeild (G-3 og 10E)	730	634	15,1%	-
Innskriktarmiðstöðvar (G-3 og 10E)	861	659	30,7%	270
Bæklunarskurðlækningar (G-3)	1.941	1.754	10,7%	31
Heila- og taugaskurðlækningar (G-3)	381	315	21,0%	1
Háls-, nef- og eyrnalækningar (B-3)	1.696	1.678	1,1%	198
Augnlækningar	1.521	1.218	24,9%	101
Þvagfæraskurðlækningar	869	721	20,5%	88
Æðarannsókn	37	2	-	2
Skurðlækningasvið samtals	7.999	6.979	14,6%	689
Endurkomur, bráðalækningar ³⁾	1.037	851	21,9%	77
Slysa- og bráðasvið samtals	1.037	851	21,9%	77
Verkjamiðstöð	8	3	-	-
Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðst.svið samtals	8	3	-	0
Göngudeildarmeðferðir sjúkra- og iðjuþjálfunar	3.580	3.537	1,2%	-
Læknar, sálfræðingar og talmeinafræðingar	157	46	-	-
Endurhæfingarsvið samtals	3.737	3.583	4,3%	0
Almenn móttaka	150	163	-8,0%	1
Minnismóttaka	274	243	12,8%	0
Brotta- og beinverndarmóttaka	16	13	23,1%	0
Öldrunarsvið samtals	440	419	5,0%	1
Heilsuvernd starfsmanna samtals	286	186	53,8%	0
Blóðtökur á rannsóknasviði samtals⁵⁾	12.418	11.978	3,7%	-
Göngudeildir alls	59.860	56.374	6,2%	4.319

Dagdeildarkomur

(Gögn úr Legu / Sögu)

	Fjöldi koma		2008-2007	Breyting milli ára
	2008	2007		
Alm. barnalækningar og barnaskurðlækn.	490	455	35	7,7%
Nýburalækningar	62	69	-7	-10,1%
Barnasvið samtals¹⁾	552	524	28	5,3%
Kvenlækningar	173	187	-14	-7,5%
Meðganga og sængurlega ²⁾	619	508	111	21,9%
Kvennasvið samtals	792	695	97	14,0%
Almennar geðlækningar	2.196	3.131	-935	-29,9%
Geðlækningar, endurhæfing	4.295	4.675	-380	-8,1%
Fiknimeðferð (meðferð vímuefnasjúkl.)	993	775	218	28,1%
Geðsvið samtals	7.484	8.581	-1.097	-12,8%
Gigtlækningar	356	492	-136	-27,6%
Nýrnalækningar (sjá nánar Skilun á bls.16)	1.228	1.093	135	12,4%
Taugalækningar	305	366	-61	-16,7%
Hjartalækningar	151	6	145	-
Meltingarlækningar ³⁾	21	137	-116	-
Efnaskipta- og innkirtlalækningar ³⁾	0	116	-116	-
Lungnalækningar ³⁾	10	212	-202	-
Smitsjúkdómar ³⁾	2	65	-63	-
Lyflækningasvið I samtals³⁾	2.073	1.951	122	6,3%
Blóð- og krabbameinslækningar	1.768	1.548	220	14,2%
Lyflækningasvið II samtals	1.768	1.548	220	14,2%
Almennar skurðlækningar	153	148	5	3,4%
Bæklunarskurðlækningar	23	41	-18	-43,9%
Háls-, nef- og eyrnalækningar	37	64	-27	-42,2%
Þvagfæraskurðlækningar	23	31	-8	-25,8%
Skurðlækningasvið samtals¹⁾	236	284	-48	-16,9%
Endurhæfingarlækningar	606	526	80	15,2%
Endurhæfingarsvið samtals	606	526	80	15,2%
Öldrunarlækningar	773	936	-163	-17,4%
Öldrunarsvið samtals	773	936	-163	-17,4%
Dagdeildir alls	14.284	15.045	-761	-5,1%

¹⁾ Börn sem liggja á barnadeildum, en voru skráð á aðrar sérgreinar en barnalækningar eru meðtalin í tölum þeirra sérgreina.

²⁾ Ekki er lengur tiltekinn fjöldi fedra sem gistu í Hreiðri

³⁾ Fækkun á komum er m.a. vegna breytinga á deild A-2 og stofnun skammverueiningar á slysa- og bráðadeild í Fossvogi.

Starfsemistölur – Slysa- og bráðadeildir

Slysa- og bráðapjónusta

(Gögn úr Sögu)

	Fjöldi koma		Breyting milli ára		Meðalfjöldi koma/dag		Fjöldi innlagna		Breyting milli ára	Hlutfall innlagna		Breyting milli ára
	2008	2007	Fjöldi	Hlutfall	2008	2007	2008	2007		2008	2007	
Bráðamóttaka Barnaspítala Hringinsins	2.141	2.436	-295	-12,1%	35,7	40,6	185	220	-35	8,6%	9,0%	-4,3%
Bráðapjónusta geðdeilda	772	758	14	1,8%	12,9	12,6	93	81	12	12,0%	10,7%	12,7%
Bráðamóttaka Hringbraut, þar af:	2.062	1.988	74	3,7%	34,4	33,1	637	719	-82	30,9%	36,2%	-14,6%
nýkomur	2.037	1.953	84	4,3%	34,0	32,6	-	-	-	-	-	-
endurkomur	25	35	-10	-28,6%	0,4	0,6	-	-	-	-	-	-
Slysa- og bráðadeild í Fossvogi (G-2), þar af:	9.548	9.438	110	1,2%	159,1	157,3	845	986	-141	8,9%	10,4%	-15,3%
nýkomur	8.870	8.495	375	4,4%	147,8	141,6	-	-	-	-	-	-
endurkomur	678	943	-265	-28,1%	11,3	15,7	-	-	-	-	-	-
komur á bráðavakt	2.380	2.380	0	0,0%	39,7	39,7	661	776	-115	27,8%	32,6%	-14,8%
komur á slysavakt (gönguvakt)	7.159	7.007	152	2,2%	119,3	116,8	195	207	-12	2,7%	3,0%	-7,8%
Alls	14.523	14.620	-97	-0,7%	242,1	243,7	1.760	2.006	-246	12,1%	13,7%	-11,7%

Sjúkrahústengdar heimavitjanir

(Gögn frá starfseiningum)

	Fjöldi		Breyting milli ára
